

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2007





Tilgangur

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hefur meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.

Hlutverk

Líf – Brunamálastofnun gegnir lykilhlutverki við umbætur á sviði brunavarna og gegnir að lögum frumkvæðishlutverki við samræmingu þeirra krafta sem að brunavörnum starfa.

Heilsa – Stofnunin gegnir forvarnahlutverki gagnvart almenningi. Hún stundar öflugt forvarnastarf með það að leiðarljósi að draga úr tíðni bruna, tjónatíðni og alvarleika tjóna og draga þannig úr líkum á heilsutjóni.

Umhverfi – Brunamálastofnun gegnir stjórnsýsluhlutverki við öflun og miðlun þekkingar á sviði viðbragða við mengunaróhöppum á landi. Í því felst að hafa yfirumsjón með setningu reglna, leiðbeininga og samræmingu vinnubragða þannig að slökkvilið bregðist á virkan hátt við mengunaróhöppum.

Eignir – Verðmæti eigna í samfélaginu eykst árlega og Brunamálastofnun gegnir stóru hlutverki í þeirri keðju sem ver eignir landsmanna fyrir tjóni. Verðmæti og gæði íbúðarhúsnæðis hafa aukist en mikil verðmætaaukning felst í sífellt flóknara atvinnuhúsnæði þar sem mikilvæg framleiðslutæki og atvinna manna eru í húfi.

Leiðarljós

Að sinna þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluhlutverki sínu gagnvart stjórnvöldum, slökkviliðum, byggingaríðnaði, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum þannig að líf, heilsa, umhverfi og eignir séu varin.

Að styðja aðra aðila í samfélaginu við framkvæmd laga og reglugerða sem lúta að brunavörnum.

Að sjá til þess að á hverjum tíma sé til þekking og reynsla hjá stofnuninni sem nýtist til ráðgjafar á sviði brunavarna og til kennslu og þjálfunar slökkviliðsmanna.

Að mæta með fullnægjandi hætti öllum eðlilegum kröfum um góða stjórnsýslu og rétta framkvæmd verkefna stofnunarinnar á sviði brunavarna.

Helstu verkefni samkvæmt lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Helstu verkefni stofnunarinnar samkvæmt 5. grein laganna eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga til að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf,
- sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- samþykka þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
- yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísa til stofnunarinnar,
- fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
- fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á reglum eftir því sem tilefni gefst til.

Brunamálastofnun ber jafnframt að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2007, gefin út í júní 2008

Ábyrgðarmaður: Björn Karlsson

Umsjón og texti: Garðar Guðjónsson

Umbrot og prentun: Litlaprent

Skipulag og stjórnun

Brunamálastofnun starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn brunamála en Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar og hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára í senn. Hann fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann er ábyrgur fyrir rekstrinum gagnvart ráðherra. Dr. Björn Karlsson hefur verið brunamálastjóri frá 1. janúar 2001. Fastráðnir starfsmenn Brunamálastofnunar voru 11 talsins 31. desember 2007 en auk þess kaupir stofnunin þjónustu sérfræðinga vegna einstakra verkefna.

Umhverfisráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn. Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar og skal ráðherra leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögnum. Brunamálastjóri situr fundi ráðsins. Ráðið er nú þannig skipað:

- Kolbrún Reinholdsdóttir formaður, skipuð af ráðherra
- Gunnar H. Kristjánsson, Brunatæknifélagi Íslands
- Friðrik Bragason, samtökum fjármálafyrirtækja
- Gestur Pétursson, Samtökum atvinnulífsins

- Dagur B. Eggertsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Kristján Einarsson, Félagi slökkviliðsstjóra
- Vernharð Guðnason, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflytingamanna (LSS)

Til þess að ná markmiðum sínum hefur Brunamálastofnun náði samstarf við fjölda aðila sem fjalla um brunavarnir og byggingamál á Norðurlöndunum og ýmsa fagaðila í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru:

- Umhverfisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Vinnueftirlitið
- LSS
- Félag slökkviliðsstjóra
- Félag byggingafulltrúa
- Slökkviliðin
- Byggingafulltrúar
- Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
- Verkfræðingar, arkitekta og hönnuðir
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Tryggingafélagin
- Ríkislögreglustjórnin
- Flugmálastjórn

Tímamót í brunamálum



Þann 22. nóvember 1907 undirritaði Friðrik Áttundi, konungur Íslendinga, lög um brunamál sem giltu um kaupstaði utan Reykjavíkur og aðra þá staði sem ekki falla undir lög frá 1905 um váttryggingar sveitabæja og stóðu þau til ársins 1948. Í Reykjavík giltu þá lög nr. 20 frá 1875. Í þessum lögum er að finna mörg ákvæði sem enn má finna lítið breytt í núgildandi lögum um brunavarnir, meðal annars um fjarlægð milli húsa og meðferð elds og eldfimra efna. Tímamót

urðu í brunamálum þegar Brunamálastofnun tók formlega til starfa 1. janúar 1970. Hún hefur nú unnið að eflingu eldvarna í landinu í næstum fjóra áratugi.

Lög og reglur um brunamál, öflugt viðbragð slökkviliða og virkt eldvarnaeftirlit hafa sparað samfélaginu mikil verðmæti síðan það rann upp fyrir þjóðinni og ráðamönnum hennar að unnt væri að draga úr hættu á eldsvoðum og tjóni af þeirra völdum með markvissum aðgerðum og viðbúnaði. Óhætt er að fullyrða að fólk og fyrirtæki á Íslandi búi við mikið öryggi þar sem saman fer öflugt útkallslið slökkviliða og virkt eldvarnaeftirlit. Staðreyndin er sú að tíðni eldsvoða er lægri hér á landi en í flestum öðrum löndum og tjón af þeirra völdum minna en tíðkast víðast hvar, hvort sem lítið er til eigna- eða manntjóns.

Bruninn við Lækjartorg

Hins vegar má ekki gleyma því að mörg eldri hús eru þannig byggð að mikið tjón getur orðið verði eldur laus í þeim. Á þetta vorum við óþyrmilega minnt í apríl 2007 þegar tvö eldri hús í hjarta höfuðborgarinnar eyðilögðust í eldi. Það tók marga sárt að sjá þessi sögufrægu hús verða eldinum að bráð þrátt fyrir tilraunir slökkviliðsmanna til að bjarga þeim.

Bruninn við Lækjartorg 18. apríl 2007 telst til stórbruna og því gaf Brunamálastofnun úr sérstaka skýrslu um hann fyrr á þessu ári. Ítarleg úttekt leiddi í ljós að eldvarnaveggur á milli húsanna hafði verið rofinn í óleyfi án þess að það kæmi fram á teikningum eða unnt væri að sjá það með berum augum.

Þessi aðgerð og fleiri breytingar sem gerðar höfðu verið á

húsunum gerðu það að verkum að slökkvistarf var miklum erfiðleikum bundið og svo fór að bæði húsin eyðilögðust. Í áðurnefndri skýrslu kynnti Brunamálastofnun ýmsar aðgerðir sem grípa þarf til í kjölfar brunans í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila og sérfræðinga. Unnið er að undirbúningi og framkvæmd þeirra nú. Mikilvægt er að við látum slys af þessu tagi okkur að kenningu verða en sofnun ekki á verðinum þegar frá líður og minningin um martröðina við Lækjartorg dofna.


Framfarir

Ríflega eitt hundrað ár eru síðan Friðrik konungur staðfesti lög um brunamál. Óhætt er að segja að Íslendingar hafi á þeim tíma náð miklum árangri í eldvörnum og standi þar framarlega. Starfsemi Brunamálastofnunar í næstum fjórutíu ár hefur þokað okkur í rétta átt. Nú á allra síðustu árum hefur á vegum Brunamálastofnunar verið unnið að margvíslegum framförum í brunavörnum. Má þar meðal annars benda á hvernig starfsemi Brunamálastofnunar hefur verið stöðfild. Eins og fram kemur hér í skýrslunni var heildarfjöldi nemenda við skólann 327 á síðasta ári.

Ánægjulegt er einnig að áttak stofnunarinnar til að efla slökkvilið og eldvarnaeftirlit á þeirra vegum hefur verið farsæll leitt til lykta. Búnaður fyrir um 100 milljónir króna hefur verið afhentur slökkviliðum um allt land og kemur sér þar vel. Ég vil leyfa mér að fullyrða að hér sé á ferð eitt stærsta einstaka átakið sem efnt hefur verið til á Íslandi til að efla eldvarnir og viðbúnað vegna mengunarslysa. Flest slökkviliðin í landinu hafa nú gert sérstaka brunavarnaáætlun. Unnið er að endurskoðun laga og reglugerða. Margt fleira mætti nefna sem unnið er að á vegum umhverfisráðuneytisins og Brunamálastofnunar í því skyni að efla brunavarnir í landinu.

Enn verða merk tímamót í brunamálum þegar Brunamálastofnun vikur fyrir væntanlegri Byggingarstofnun samkvæmt frumvarpi sem umhverfisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi. Brunamálastofnun heyrir þá sögunni til en því mikilvæga starfi sem hún sinnir verður að mínu mati enn betur fyrir komið í nýrri og öflugri Byggingarstofnun.

Júní 2008
Dr. Björn Karlsson
brunamálastjóri



- Lagnakerfamiðstöð Íslands
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík

Brunamálastofnun hefur einnig samstarf við fjölmarga aðila á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Um er að ræða systurstofnanir og byggingastofnanir, brunamálaskóla, rannsóknastofnanir og fagfélög.

Brunamálastofnun tekur þátt í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um tæknilegar prófanir og rannsóknir á sviði byggingarmála. Guðmundur Gunnarsson er fulltrúi Brunamálastofnunar í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um sprengihættuæfni og forvarnir af ýmsu tagi, Nordex. Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri situr síðan 2002 í stjórn Alþjóðlega brunavísindafélagsins (International Association for Fire Safety Science) og er formaður menntunarnefndar félagsins. Hann er einnig varaformaður Verkfræðingafélags Íslands og dósent við umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands.

Menntun og rannsóknir

Brunamálastofnun hefur á undanförunum árum tekið þátt í ýmsum rannsóknum á sviði byggingaverkfræði auk þess að annast kennslu og ráðgjöf við ýmsar stofnanir. Meðal verkefna á þessu sviði er að stuðla að stofnun sérstaks rannsóknasviðs í brunavörnum við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands en doktorsnemi þar vinnur að rannsókn á hættum sem slökkviliðsmönnum stafar af eldi í lokuðu rými undir leiðsögn Brunamálastofnunar. Rannsóknin var unnin í samvinnu við umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands og háskóla í sex öðrum Evrópulöndum. Hún gekk undir heitinu Firenet og var kostuð af Evrópusambandinu. Þá hefur brunamálastjóri kennt mastersnemum á fjórða ári við umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands.

Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur stofnunarinnar, annaðist kennslu í brunavörnum við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík eins og fyrri ár. Hann hélt einnig fjölda námskeiða í samvinnu við Rafiðnaðarskólann og fleiri, meðal annars um brunaviðvörðunarkerfi, brunabættingar og gaslagnir.

Ný löggjöf í undirbúningi

Á síðasta ári var unnið að undirbúningi tveggja mikilvægra lagafrumvarpa sem umhverfisstjórn lagði fram á Alþingi snemma árs 2008. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um mannvirki sem gerir meðal annars ráð fyrir að Byggingarstofnun taki yfir hlutverk Brunamálastofnunar ásamt fleiri verkefnum. Hins vegar lagði umhverfisstjórn fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir.

Í síðarnefnda frumvarpinu er gerð tillaga um nokkrar breytingar sem æskilegt er talið að gerðar verði í ljósi reynslu þeirra sex ára sem liðin eru síðan núgildandi lög voru sett. Meðal annars er lagt til að þjörgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða en slökkviliðin hafa annast þetta verkefni án lagaskyldu um árabíl. Með því er tryggt að þjónustan sé fyrir hendi á öllu landinu og uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ákvæðum um slysa-tryggingu slökkviliðsmanna verði breytt og kveðið á um að þeir njóti sambærilegs réttar til bóta og aðrar stéttir sem sinna hættulegum störfum, svo sem lögreglumenn og sjómenn.

Þá er lagt til í frumvarpinu að fest verði í lög að slökkviliðsmenn þurfi að gangast undir læknisskoðun til að mega stunda reykjöfun. Reglugerð um reykjöfun er í undirbúningi og hefur í því sambandi verið rætt um nauðsyn þess að lögfesta það fyrirkomulag sem mörg slökkvilið hafa tekið upp að starfsmenn skuli standast læknisskoðun áður en þeir fá heimild til að stunda reykjöfun. Reykkjöfun er hættulegt og erfitt starf sem einungis hraust og vel þjálfað fólk er fært um að sinna.

Gerð brunavarnaáætlana á lokastigi

Í árslok 2007 höfðu nær 93 prósent slökkviliða lokið við gerð brunavarnaáætlana en í um helmingi tilfella átti eftir að staðfesta þær með undirskrift. Aðeins fjögur slökkvilið voru skemmd á veg komin og tvö þeirra töldust skammt á veg komin við gerð brunavarnaáætlunar. Á þessu ári þurfa sex slökkvilið að ráðast í endurskoðun áætlunar sinnar.

Samkvæmt lögum um brunarnir ber sveitarfélögum að gera brunarnaáætlanir fyrir starfssvæði slökkviliðanna í landinu og senda Brunamálastofnun þær til staðfestingar. Í brunarnaáætlun er ætlast til þess að sveitarfélögin skilgreini þá þjónustu sem þau hyggjast veita á þessu sviði og á áætlunin að auðvelda almenningi að kynna sér skipulag og markmið slökkviliðsins í sveitarfélaginu.

Eldvarnaeftirlit slökkviliða

Brunamálastofnun skoðaði fimm byggingar fyrir slökkviliðsstjóra auk þess að vera slökkviliðsstjórum um 20 sinnum til aðstoðar í eldvarnaskoðun.

Stofnunin keypti 20 öflugar fartölvur á árinu vegna eldvarnaeftirlits slökkviliða. Þær eru flestar komnar í notkun hjá slökkviliðum. Tölvurnar eru afhentar slökkviliðunum með eldvarnaeftirlitsforritinu ERP en mikil vinna var lögð í endurskoðun þess á síðasta ári. Þar er nú um að ræða sjálfstæðan gagnagrunn fyrir eldvarnaeftirlit. Unnið er að endurskoðun á reglugerð um eldvarnaeftirlit.

Brunamálastofnun gerði úttekt á eldvarnaeftirliti 17 slökkviliða og voru þau valin af handahófi. Í ljós kom að víða má gera betur í þessu mikilvæga verkefni slökkviliðanna en óhætt er þó að fullyrða að vel er staðið að eldvarnaeftirliti víðast hvar.

Eftirlit með starfsemi slökkviliða

Brunamálastofnun gerði samning við Eldstoðir ehf. um reglubundið eftirlit með starfsemi slökkviliða árið 2007. Starfsmenn fyrir-tækisins heimsóttu öll slökkvilið landsins í þessu skyni á síðasta ári og skrðu niðurstöðurnar. Áður fyrir heimsóttu starfsmenn tækjateildar Brunamálastofnunar slökkviliðin reglulega til að skoða búnað þeirra og starfsemi en Eldstoðir ræktu þetta hlutverk fyrir hönd stofnunarinnar í fyrra.

Ljóst er að væntanleg lög um mannvirki kalla á nýja hugmyndafræði við eftirlit með starfsemi slökkviliða og eru uppi áform um að auka mjög eigið eftirlit slökkviliðsstjóra með atriðum sem teljast tæknilega einföld. Hins vegar er gert ráð fyrir að tæknilega flókið eftirlit verði á hendi sérfræðinga með starfsleyfi eða viðurkenndra skoðunarstofa. Með því móti verður eftirlit með starfsemi slökkviliða skrásett og rekjanlegt.

Aðgerðir vegna gróðurelda


Aðgerðum vegna gróðureldanna á Mýrum 2006 var haldið áfram. Fest voru kaup á 2.000 lítra fötu fyrir þylur Landhelgisgæslu Íslands og er kennsla í notkun hennar áformuð. Lokið hefur verið við að þýða ítarlegt, sænskt kennsluefni um viðbrögð við gróðureldum og er verið að leggja lokahönd á vinnu við að staðfæra það enn frekar. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands fjármagnar útgáfuna.

Brunamálastofnun hyggst gera dæmigerða viðbragðsáætlun fyrir samarhúsabyggð og skógræktarsvæði í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila.

Búnaður keyptur í samráði við slökkviliðin

Brunamálastofnun tilkynnti 2006 að hún hygðist verja um 100 milljónum króna til kaupa á búnaði til þess að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land. Auk þess yrði fénu varið til þess að stuðla að eflingu eldvarnaeftirlits með samvinnu sveitarfélaga. Veiting fjárens var bundin því skilyrði að slökkviliðin ættu og rækju búnaðinn í sameiningu og hafði Brunamálastofnun náð samráð við slökkviliðin um hvaða búnað skyldi kaupast og hvar hann skyldi staðsettur.

Staða brunarnaáætlana



Verkefnið var helsta umfjöllunarefnið á ráðstefnu stofnunarinnar fyrir slökkviliðsstjóra sem haldin var í Reykjanesbæ í mars 2007. Slökkviliðsstjórar fjölluðu um staðsetningu búnaðarinnar í vinnuhópum og komu sér saman um tillögur um hvar búnaðurinn skyldi staðsettur.


Snemma árs 2007 var samið við verktaka um kaup á 11 kerrum með reykköfunarbúnaði og til uppbyggingar æfingasvæða og 19 kerrum með mengunarvarnabúnaði. Einnig var keyptur þylutækur búnaður vegna stærri mengunar- og eiturefnaslysa sem vistaður er á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Búnaðurinn hefur verið afhentur.

Brunamálastofnun veitti einnig fé til kaupa á 20 öflugum fartölvum og gerðar gagnagrunns fyrir eldvarnaeftirlit og hafa tölvurnar verið afhentar uppsettar. Þá voru smíðaðir sjö yfirtendrunargámar sem staðsettir eru víða um land og nýttast slökkviliðunum til æfinga.


Sambærilegur fjöldi útkalla miðað við íbúafjölda

Alls voru skráð 1.772 útköll í útkallsgagnagrunn Brunamálastofnunar 2007 en 17 slökkvilið eru með gildir skráðar færslur á árinu. SHS er með áberandi flest útköll, alls 1.296, en Brunavarnir Suðurnesja og Slökkvilið Akureyrar koma þar næst á eftir með 210 og 146 útköll. Ef horft er til íbúafjölda og fasteigna sem þessi slökkvilið þjóna er þetta mjög sambærilegur fjöldi eldútkalla fyrir hverja eitt þúsund íbúa og hið sama má segja um þau tvö

Eldútköll á hverja þúsund íbúa



Slökkviliðin í landinu



Slökkvilið

(útkallsnúmer innan sviga)

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (10201)
2. Slökkvilið Akraness (20201)
3. Slökkvilið Borgarbyggðar (30205)
4. Slökkvilið Snæfellsbæjar (40203)
5. Slökkvilið Grundarfjarðar (40202)
6. Slökkvilið Stykkishólms (40201)
7. Slökkvilið Dalabyggðar (50201)
8. Slökkvilið Reykhólahrepps (60202)
9. Brunavarnir Vesturbyggðar (60201)
10. Slökkvilið Bolungarvíkur (70201)
11. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (80201)
12. Slökkvilið Súðavíkurhrepps (80205)
13. Slökkvilið Strandabyggðar (90201)
14. Slökkvilið Kaldrananeshrepps (90203)
15. Slökkvilið Bæjarhrepps (90202)
16. Slökkvilið Vestur-Húnavatnssýslu (100202)
17. Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu (100201)
18. Slökkvilið Skagastrandar (100203)
19. Brunavarnir Skagafjarðar (110201)
20. Slökkvilið Fjallabyggðar (120201)
21. Slökkvilið Dalvíkur (140202)
22. Slökkvilið Akureyrar (140201)
23. Slökkvilið Grímseyjar (140205)

Slökkviliðsstjóri

- Jón Viðar Matthíasson
 Þráinn Ólafsson
 Bjarni K. Þorsteinsson
 Svanur Tómasson
 Valgeir Magnússon
 Þorbergur Bæringsson
 Jóhannes Hauksson
 Guðmundur Ólafsson
 Davíð R. Gunnarsson
 Ólafur Þ. Benediktsson
 Þorbjörn Sveinsson
 Hlynur B. Karlsson
 Einar Indriðason
 Tryggvi Ólafsson
 Heiðar Þór Gunnarsson
 Pétur R. Arnarson
 Andrés Leifsson
 Hafsteinn Pálsson
 Vernharð Guðnason
 Ámundi Gunnarsson
 Sigurður Jónsson
 Þorbjörn Haraldsson
 Sigurður Bjarnason

Slökkvilið

24. Slökkvilið Grenivíkur (140204)
25. Slökkvilið Þingeyjarsveitar
26. Slökkvilið Norðurþings (150201)
27. Slökkvilið Mývatns, Reykjahlíð (150208)
28. Slökkvilið Langanesbyggðar (160203)
29. Brunavarnir á Austurlandi (160202)
30. Slökkvilið Seyðisfjarðar (160201)
31. Slökkvilið Fjarðabyggðar (170201)
32. Slökkvilið Breiðdalsvíkur (180205)
33. Brunavarnir A-Skaftafellssýslu (190201)
34. Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs (200202)
35. Slökkvilið Mýrdalshrepps (200201)
36. Slökkvilið Vestmannaeyja (220201)
37. Slökkvilið Rangárvallasýslu (210201)
38. Slökkvilið Flúðum (230204)
39. Brunavarnir Árnessýslu (230208)
40. Slökkvilið Sveitarfélagsins Ölfus (230209)
41. Slökkvilið Hveragerðis (230202)
42. Slökkvilið Grindavíkur (240202)
43. Slökkvilið Sandgerðis (240203)
44. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar (250201)
45. Brunavarnir Suðurnesja (240201)
46. Slökkvilið Alcan í Straumsvík

Slökkviliðsstjóri

- Guðni Sigbórsson
 Friðrik Steingrímsson
 Jón Á. Salómonsson
 Stefán Gunnarsson
 Ólafur Stefánsson
 Baldur Pálsson
 Ásgeir Magnússon
 Guðmundur Sigfússon
 Sigurður Elísson
 Steinþór Hafsteinsson
 Hilmar Gunnarsson
 Ívar Páll Bjartmarsson
 Ragnar Baldvinsson
 Böðvar Bjarnason
 Jóhann Marelsson
 Kristján Einarsson
 Guðni Þór Ágústsson
 Snorri Baldursson
 Ásmundur Jónsson
 Sveinn Einarsson
 Ólafur Ásmundsson
 Sigmundur Eypórsson
 Halldór Halldórsson

slökkvilið sem koma þarna næst á eftir sem eru Borgarbyggð og Akranes. Þetta er sambærilegt við tölur frá hinum Norðurlöndunum þar sem Finnland er með 3,3, Noregur með 3,0, Danmörk með 3,2 og Svíþjóð með 2,9 eldútköll fyrir hverja þúsund íbúa.

Á fjórða hundrað fengu fræðslu í Brunamálaskólanum

Hlutverk Brunamálaskólans er að veita slökkviliðsmönnum og eldvarnaeftirlitsmönnum um allt land þá menntun, starfsþjálfun og endurmenntun sem nauðsynleg er vegna starfa þeirra. Skólaráð er Brunamálastofnun til ráðgjafar um málefni og rekstur skólans. Ráðið ber ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart brunamálastjóra en skólastjóri annast daglegan rekstur. Skólaráð er þannig skipað:

- Trausti Þorsteinsson, formaður
- Jónmundur Guðmarsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Sverrir Björn Björnsson, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Brunamálaskólinn hefur nú fast aðsetur á Miðnesheiði og hafa öll námskeið á vegum skólans sem ekki eru haldin heima í héraði verið haldin þar síðustu misserin.

Tveir fyrri hlutar námskeiðs fyrir atvinnuslökkviliðsmenn voru haldnir. Alls sóttu þessi námskeið 22 slökkviliðsmenn.

Fimm stjórnendanámskeið voru haldin, eitt slökkviliðsstjóránámskeið og fjögur námskeið fyrir stjórnendur í hlutastarfandi liðum, eitt í hverjum landsfjórðungi. Alls sóttu 68 stjórnendur og slökkviliðsmenn þessi námskeið.

Haldið var eitt námskeið fyrir eldvarnaeftirlitsmenn með 24 þátttakendum.


Á öllum námskeiðum eru þátttakendur beðnir að meta námskeiðið á þar til gerðum eyðublöðum. Niðurstöður sýna að almenn ánægja ríkir með þá þætti sem metnir eru.

Fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn voru ráðgerð 22 helgarnámskeið en þrjú námskeið féllu niður vegna þess að þátttaka var ekki nægjanleg og eitt námskeið féll niður vegna forfalla kennara. Alls voru því haldin 18 námskeið með 194 þátttakendum sem skiptust þannig milli námskeiðshluta:

	Heildarfjöldi námskeiða af sömu gerð	Heildarfjöldi þátttakenda
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 1	9	95
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 2 f.hl.	5	46
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 2 s.hl.	2	24
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 3	2	29
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 4	0	0


Skipting námskeiða milli stjórnenda, eldvarnaeftirlits og slökkviliðsmanna á árinu er þannig að fimm námskeið voru haldin fyrir stjórnendur, eitt námskeið fyrir eldvarnaeftirlitsmenn, eitt fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja og 18 fyrir slökkviliðsmenn. Alls sóttu 68 námskeið fyrir stjórnendur og 216 námskeið fyrir slökkviliðsmenn. Heildarfjöldi nemenda við skólann á árinu var 327.

Skipting fjölda þátttakenda milli stjórnenda, slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna



Fjöldi þátttakenda á námskeiðum Brunamálaskólans

■ Heildarfjöldi námskeiða af sömu gerð ■ Heildarfjöldi þátttakenda



Styrkir úr fræðslusjóði

Úthlutað var 3,5 milljónum króna úr Fræðslusjóði brunamála árið 2007 að tillögu brunamálaráðs. Stjórn sjóðsins veitti þrjár milljónir króna til Brunamálastofnunar svo hann gæti byggt upp gámaeiningar á æfingasvæði á Miðnesheiði með það fyrir augum að halda þar námskeið fyrir slökkviliðsmenn af svipuðu tagi og þeir hafa sótt til Revinge í Svíþjóð á undanförunum árum.

Þá fékk Landhelgisgæslan 300 þúsund krónur vegna gróður-eldanámskeiðs sem fyrirhugað var að halda og Elías Niélfsson fékk 200 þúsund króna styrk vegna rannsóknar á álagi við reykklöfun.

Eldvarnaátakið og 112-dagurinn

Brunamálastofnun var meðal helstu styrktaraðila Eldvarnaátaks LSS sem fram fór í nóvember og desember. LSS gaf að venju út veglegt forvarnablað fyrir heimilin í landinu og slökkviliðsmenn heimsóttu átta ára börn í öllum grunnskólum landsins og fræddu þau um eldvarnir og öryggi á heimilunum. Börnunum var einnig gefinn kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni með fjölskyldum sínum og færa þannig fræðsluna inn á heimilin. Í könnun sem Gallup gerði haustið 2006 kom í ljós að 98,6 prósent svarenda töldu Eldvarnaátakið mjög (83,9%) eða frekar mikilvægt.

112-dagurinn var haldinn 11. febrúar 2007. Aðaláhersla dagsins að þessu sinni beindist að framlagi sjálfbæðni á Brunamálastofnun og slökkvilið víða um land tóku virkan þátt í fjölbreyttri dagskrá dagsins. Bílar og tæki slökkviliðanna voru áberandi í bíla- og tækjalestum sem óku um héraði í tilefni dagsins og fjöldi fólks heimsótti slökkvilið og aðra viðbragðsaðila til að

kynna sér starfsemi þeirra. Tilgangur 112-dagsins er að kynna neyðarnúmerið og starfsemi þeirra fjölmörgu viðbragðsaðila sem almenningur hefur aðgang að í gegnum það.

Eignatjón yfir meðallagi

Brunamálastofnun hefur um árabil tekið saman upplýsingar um mann- og eignatjón vegna eldsvoða hérlandis, borið þessar upplýsingar saman milli ára og yfir lengri tímabil og sett þær í þjóðhagslegt samhengi. Jafnframt hefur stofnunin fylgst náið með stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd. Öflugar brunavarnir stuðla að auknum lífsgæðum. Það er flestum þjóðum því mikið keppikefli að halda tjóni vegna eldsvoða í lágmarki.

Bætt eignatjón vegna bruna hérlandis nam 1.579 milljónum króna árið 2007 en árlegt brunatjón frá 1981 hefur að meðaltali verið 1.232 milljónir króna á verðlagi í júlí 2007. Brunatjón 2006 nam 1.018 milljónum króna á verðlagi í júlí 2007 svo um var að ræða talsverða aukningu milli ára en hafa ber í huga að brunatjón var með minnsta móti árið 2006. Mörg dæmi eru um miklu meira eignatjón en varð 2007. Mest eignatjón á einu ári hérlandis var árið 2000 en þá eyddust 3.071 milljónir króna í eldi (verðlag júlí 2007). Þá varð geysilega mikið tjón á eignum Ísfélagsins í Vestmannaeyjum.

Sé eignatjónið 2007 skoðað sem hlutfall af brunabótamati fasteigna kemur í ljós að það er undir meðaltali frá 1996.

Stórbruni varð þegar hús við Lækjartorg brunnu og eyðilögðust í apríl 2007. Brunamálastofnun gaf út svokallaða stórbrunaskýrslu vegna eldsvoðans við Lækjartorg í mars 2008.



Slökkviliðin endurnýja bílaflokkann

Í úttekt sem gerð var á búnaði slökkviliða í fyrra kom í ljós að 82 slökkvibifreiðar eða 46% eru yngri en 20 ára. Þar af eru þó einungis 27 yngri en 10 ára. Nokkur endurnýjun verður á ári hverju og í fyrra keyptu eftirfarandi slökkvilið nýjar bifreiðar:

- Slökkvilið Dalabyggðar keypti Ford F 450 árgerð 2007 með One-seven slökkvikerfi, 1.000 lítra vatnstanki, 60 lítra og 40 lítra froðutönkum og 600 l/mín. Darley brunadælu.
- Slökkvilið Borgarfjarðadala (hefur sameinast Borgarbyggð) keypti Ford F 550 árgerð 2006 með 2.000 lítra vatnstanki, 85 lítra froðutanki og 1.900 l/mín há- og lágþrýstri Ziegler brunadælu.
- Brunavarnir á Héraði og Flugmálastjórn keyptu Scania 420 6x6 með tvöföldu húsi ARRF 6100/610. Bíllinn er smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Brunavarnir Borgarbyggðar keyptu Renault Kerax 450 4x4 með tvöföldu húsi TLF 4000/200. Bíllinn er smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Brunavarnir Árnæssýslu fengu Renault Kerax 450 4x4 með einföldu húsi TLF 6000/200. Bíllinn er smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Slökkvilið Langanesbyggðar keypti Renault Midlum 280.14 4x4. ARRF/TLF 3000/200. Bifreiðin verður staðsett á Þórshöfn. Hún er með 3.000 lítra vatnstanki, 200 lítra froðutanki og 3.000 l/mín. há- og lágþrýstri Ruberg brunadælu.
- Slökkvilið Borgarbyggðar keypti Renault Kerax 450.19 4x4 með 6.000 lítra vatnstanki, 200 lítra froðutanki og 4.000 l/mín. há- og lágþrýstri Ruberg brunadælu.
- Brunavarnir Árnæssýslu keypti Renault Kerax 450.19 4x4 með 6.000 lítra vatnstanki, 200 lítra froðutanki og 4.000 l/mín. há- og lágþrýstri Ruberg brunadælu.




Ekkert manntjón 2007

Ekkert manntjón varð í eldsvoðum árið 2007 og er það fyrsta árið án manntjóns síðan 2003. Alls týndu 51 lífi í eldsvoðum á árunum 1979-2008 eða um 1,76 að jafnaði á ári hverju. Mest manntjón á einu ári varð þegar sex létust árið 1979. Fjórir létust 1980 og 1988 en annars hefur manntjón orðið minna. Frá 1979 hafa þó aðeins fimm ár liðið án þess að einn eða fleiri hafi látist í eldsvoðum.


Tölur Brunamálastofnunar um manntjón frá 1979 sýna meðal annars eftirfarandi:

- Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem hafa látist eða um þrír af hverjum fjórum.
- Karlar á þrítugs- og sextugsaldri eru stærstu einstöku hópar látinna.
- Flestir hafa látist í janúar (11) en fæstir í júní (1). Nær fjórðungur (12) lést á laugardegi.
- Mikill meirihluti (88%) lést af völdum eldsvoða í íbúðarhúsnæði.

Bætt brunatjón 1981-2007 á verðlagi í júlí 2007 Milljónir króna – meðaltal 1.232 milljónir



Banaslys í eldsvoðum 1979-2007



The Iceland Fire Authority

The Iceland Fire Authority is an institute of knowledge, coordination, supervision and administration, working with and for the central public authorities, the fire brigades, the general public and other interested parties, on consultation, supervision, and reforms in the field of fire protection. The Authority represents Iceland in international collaboration in the field of fire protection.

Diverse tasks in accordance with the law

The Iceland Fire Authority operates in accordance with the new laws on fire protection, introduced at the beginning of 2001. The principal tasks of the Authority are:

- to supervise the implementation of the laws, and of the regulations set forth thereby;
- to supervise fire protection inspections and fire fighting in local communities, to ensure coordinated supervision and effective fire fighting;
- to attend to the introduction and instruction of the general public and of fire brigades and of those who work on designing buildings for fire safety;
- to offer advice to building authorities on fire protection in buildings and on the fire safety of merchandise;
- to approve service and inspection parties for fire protection, and for the fire protection plans of local authorities;
- to check the fire safety design for new buildings, extensions and alterations of structures, which the fire chief or local building authority refers to the institute,
- to monitor and, depending on circumstances, to conduct independent research in the field of fire protection, along with writing an annual report on the causes and effects of fires,
- to monitor advancements and innovations in the field of fire protection and make proposals to the Ministry on changes of regulations, as occasion demands.

The Iceland Fire Authority is at the same time obliged to work on the coordination of fire protection in Iceland and to promote co-operation between those who work on fire protection. The Authority shall, with independent observations and appraisals, instruct local authorities on the requirements for fire protection inspections and fire brigades.

Administration of fire services

The Minister for the Environment is in charge of fire protection affairs. The Minister appoints the Director of the Iceland Fire Authority every five years. He handles the daily management and operation of the Authority and hires its employees. He is responsible to the Minister for its operation. Dr Björn Karlsson was appointed Director of the Iceland Fire Authority from 1 January 2001. There were 11 salaried employees of the Iceland Fire Authority on 31 December 2007. The Authority also pays for the services of consultants for particular projects. The Minister for the Environment appoints the Iceland Fire Authority Council for a term of four years at a time. The Council gives the Iceland Fire Authority technical advice. The Chairman of the Iceland Fire Authority Council is Kolbrún Reinholdsdóttir.

Ársreikningur 2007

Rekstrarreikningur árið 2007

	2007	2006
Tekjur		
Brunavarnargjald	236.485.260	207.932.684
Ýmsar tekjur	11.295.325	13.046.782
	<u>247.780.585</u>	<u>220.979.466</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	70.733.323	74.703.193
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6.555.523	10.123.204
Funda- og ferðakostnaður	10.921.613	19.124.144
Aðkeypt sérfræðipjónusta	22.650.125	16.436.279
Rekstur tækja og áhalda	3.563.346	3.076.661
Annar rekstrarkostnaður	3.876.980	4.333.152
Húsnæðiskostnaður	25.330.711	22.700.641
Bifreiðarekstur	2.613.296	2.971.200
Tilfærslur	70.566.843	21.475.125
	<u>216.811.760</u>	<u>174.943.599</u>
Eignakaup	1.705.975	2.678.411
	<u>218.517.735</u>	<u>177.622.010</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	29.262.850	43.357.456
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(24.468)	6.336.398
Tekjuafgangur ársins	<u>29.238.382</u>	<u>49.693.854</u>

Sjóðstreymi árið 2007

	2007	2006
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur ársins	29.238.382	49.693.854
Veltufé frá rekstri	<u>29.238.382</u>	<u>49.693.854</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	(8.186.391)	3.449.334
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun	2.233.989	(911.818)
	<u>(5.952.402)</u>	<u>2.537.516</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>23.285.980</u>	<u>52.231.370</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Greitt úr ríkissjóði	(23.349.438)	(113.864.450)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(23.349.438)</u>	<u>(113.864.450)</u>
Hækkun á handbæru fé	(63.458)	(61.633.080)
Handbært fé í ársbyrjun	4.549.177	66.182.257
Handbært fé í lok ársins	<u>4.485.719</u>	<u>4.549.177</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	2007	2006
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	379.048.429	355.698.991
Viðskiptakröfur	39.515.038	31.328.647
Handbært fé	4.485.719	4.549.177
Eignir alls	<u>423.049.186</u>	<u>391.576.815</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
<i>Höfuðstóll:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	87.610.301	130.849.131
Flutt á annað eigið fé	(116.385.260)	(92.932.684)
Tekjuafgangur ársins	29.238.382	49.693.854
Höfuðstóll	<u>463.423</u>	<u>87.610.301</u>
<i>Annað eigið fé:</i>		
Bundið eigið fé	415.433.049	299.047.789
Annað eigið fé	<u>415.433.049</u>	<u>299.047.789</u>
Eigið fé	<u>415.896.472</u>	<u>386.658.090</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	7.152.714	4.918.725
Skuldir	<u>7.152.714</u>	<u>4.918.725</u>
Eigið fé og skuldir	<u>423.049.186</u>	<u>391.576.815</u>

Áritun endurskoðenda

Til Brunamálastofnunar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Brunamálastofnunar fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningssskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningssskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Brunamálastofnunar á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, júní 2008

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Sveinn Arason
endurskoðandi

Líf, heilsa,
umhverfi og eignir

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggispáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hafa meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.